



Arna Grétarsdóttir Reykjavíkurdæmi vígðra

Kæru vinir, prestar og djáknar.

Ég býð fram krafta mína til áframhaldandi þjónustu á kirkjuþingi 2022-2026 og falast eftir atkvæði þínu. Þið þekkið mig kannski af fyrri störfum og ræðum af kirkjuþingi en hér koma nokkur almenn áhersluatriði sem ég hef starfað eftir og myndi vilja fylgja eftir fái ég traust ykkar til þess.

Starfsandi

Það er mikilvægt í öllum störfum og starfseiningum kirkjunnar að starfað sé í heiðarlegu og opnu samtali. Faglegt vinnulag og glaðlegur samvinnuandi skilar sér oftast en ekki í góðum stefnumótandi málum sem endurspeglar þá kirkju Krists sem við þjónum. Ég hef sérstakan áhuga á því að kirkjan innleiði með markvissum hætti hugmyndafræði þjónandi forystu í allar sínar starfseiningar sem skilar starfsánægju og skýrum ábyrgðarsviðum

Fjármál

Kirkjuþing ber fjárhagslega ábyrgð á fjármunum kirkjunnar samkvæmt viðbótarsamkomulagi við kirkjuarðarsamkomulagið og nýjum þjóðkirkjulögum. Kirkjuþing vinnur fjárhagsáætlun og hefur eftirlit með að henni sé fylgt. Í fjárhagsáætlunargerð er nauðsynlegt að standa vörð um að fjármagn og eignir kirkjunnar eru verkfæri til boðunar orðsins. Markmið fjármuna kirkjunnar er að koma góðu fréttunum um hinn upprisna til kynslóðanna. Ég legg áherslu á að fjármagn kirkjunnar stýri henni ekki heldur er stoð við erindi kirkjunnar og í því felst fjárhagsleg ábyrgð kirkjuþings. Sú stoð þarf að vera í jafnvægi.

Stefnumótun

Kirkjuþing er stefnumótandi vettvangur samkvæmt þjóðkirkjulögum. Fjárhagsáætlun Kirkjuþings á að endurspeglar stefnuna. Það er síðan starfsfólks, presta, djákna og sókna ásamt öllu starfsfólki kirknanna að framkvæma þá stefnu með mismunandi leiðum sem aðlöguð er hverri starfseiningu.

Starfsreglur

Starfsfólki og sókna nefndum skal treyst og þeim gert kleift að starfa eftir fáum, skýrum og einföldum starfsreglum. Starfsreglur skulu endurspeglar jafnræði, einingu og erindi kirkjunnar. Efla þarf lýðræði innan þjóðkirkjunnar. Ég vil sjá almenna kosningu til kirkjuþings þar sem þjóðkirkjufólk fær kosningarétt.

Stjórnsýsla

Þegar lagt var upp með breytingar á skipuriti yfirstjórnar kirkjunnar var markmiðið að einfalda stjórnsýslu og að skýrt sé hvar ákvarðanir eru teknar. Framkvæmdanefnd má ekki þróast í átt að því að verða nýtt kirkjuráð heldur verði sú eftirlitnefnd sem lagt var upp með þ.e hafi eftirlit með að fjárhagsáætlunum sem kirkjuþing samþykkir sé fylgt. Kirkjuþing þarf ekki að starfa eins og nokkurskonar *mini alþingi*. Kirkjuþing ætti að koma saman tvisvar á ári, leggja línurnar og þess á milli er fólk að störfum, hver með sitt hlutverk í því tannhjól sem kirkjuþing hefur smurt svo hökti ekki. Ég legg áherslu á að vígðir þjónar heyri áfram undir biskup Íslands í skipuriti kirkjunnar enda samrýmist það vel lútherskri kirkjudeild.

Það er og verður alltaf fyrsta og síðasta hlutverk Kirkjuþings þjóðkirkjunnar að greiða fyrir boðun Orðsins í orði og verki.

Ég var vígð sem prestur til Seltjarnarnessprestakalls þar sem ég hafði starfað sem æskulýðsfulltrúi. Tók við sem prestur Íslendinga í Noregi og þjóna nú sem sóknarprestur í Reynivallaprestakalli í Kjalarnessprófestsdæmi. Tók framhaldsnám í sálgæslufræðum við Modum Bad og Akershus sjúkrahúsi í Noregi og hef síðustu misseri verið að lesa m.a fræði þjónandi forystu og tengd fræði við Háskólann á Bifröst. Sat í kirkjuráði síðasta kjörtímabil, í löggjafanefnd og kjörbréfanefnd kirkjuþings. Ég leiði nú starfshóp Kirkjuþings sem vinnur að þarfagreiningu vígðrar þjónustu kirkjunnar á landsvísu.

Guð blessi okkur öll á akrinum!

Arna Grétarsdóttir

Sóknarprestur

Reynivöllum í Kjós

arna.gretarsdottir@kirkjan.is